

# Stjórnarfundur Leiðsagnar

19. september 2022 kl. 18:30

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Hallfríður Þórarinsdóttir (HP) 3. varamaður, og Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) 2. varamaður sem tók sæti aðlmanns vegna fjarveru Leifs Björnssonar meðstjórnanda og fyrsta varamanns Gunnsteins Ólafssonar.

Á fjarfundi: Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri.

Fjarverandi: Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi, Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) 1. varamaður, Pétur Gunnarsson (PG) 4. varamaður.

1.	<b>Fundur settur</b>	Formaður býður fundarmenn velkomna. Fundargerð frá 29.8. hefur verið samþykkt formlega af meirihluta fundarmanna í tölvupóstum. GME samþykkir hana ekki en nýtti sér ekki uppgöfningu til athugasemda.		Friðrik
2.	<b>Kjarabrotamál, síbrotafyrirtæki, málarekstur.</b>	<p>SSS og FR segja frá fundi með lögfræðingi um stöðuna á innheimtukröfum og kjarabrotamálum. Málin beinast fyrst og fremst að tveimur fyrirtækjum og hafa verið haldnir viðræðufundir með þeim sem engum árangri hafa skilað. Gap er milli orða og athafna. Annað fyrirtækið er innan SA og SAF en hitt ekki. Það fyrirtæki bannar t.d. starfsfólki sínu að greiða í Leiðsögn, sem er lögbrot. Verið er að athuga málið með lögfræðingi og hvort grundvöllur er fyrir lögsókn.</p> <p>Það liggur fyrir að sum fyrirtæki fara eftir kjarasamningum en önnur ekki. Leiðsögn hefur upplýsingar um félagsleg undirboð sem gerir stöðu fyrirtækjanna í atvinnugreininni mjög ójafna.</p> <p>Markmiðið með hertari aðgerðum með aðstoð lögfræðings er að ítreka þá kröfu að fyrirtækin taki til hjá sér og virði kjarasamninga og vinnulöggjöf í landinu.</p>	U	Snorri Friðrik
3.	<b>Undirbúningur kjaraviðræðna</b>	<p>Lögfræðingur SAF hefur gert drög að viðræðuáætlun kjaraviðræðna og hefur lögfræðingur ASÍ farið yfir hana fyrir okkar hönd, en hana þarf að senda til ríkissáttasemjara áður en viðræður hefjast. Áætlað er að viðræður hefjist í byrjun október.</p> <p>Haldinn var almennur félagsfundur þann 14.9. þar sem kallað var eftir hugmyndum frá félagsmönnum varðandi komandi kjaraviðræður. Fundurinn var frekar fámennur en margar góðar hugmyndir komu þar fram. Eru minnisþing frá fundinum gott vinnuþing að byggja á þegar viðræðunefndin leggur fram sínar hugmyndir um áherslupunkta sem þarf að ræða, fyrir utan launaliðinn. Einnig hafa borist ýmsar tillögur og ábendingar í tölvupóstum til SSS formanns Kjaranefndar, sem einnig verða hafðar til hliðsjónar.</p> <p>Rætt um að vera samstíga Félagi tæknifólks sem er með</p>	U	Snorri Friðrik

		<p>höfuðstöðvar sínar hér í húsinu og fleiri minni félögum Starfsgreinasambandsins.</p> <p>Margoft hefur verið talað um nauðsyn þess að launa vinnu við úrvinnslu kjarabrotamála og kjaraviðræður framundan, og hefur sú nauðsyn verið viðurkennd af bæði stjórn og trúnaðarráði, en á eftir að ákveða hvað telst sanngjarnt og ásættanlegt í þeim efnum. Mikil ólaunuð vinna hefur verið á hendi formanns Kjara- nefndar og augljóst að hún mun bara aukast á næstu mánuðum. Því getur varla gengið lengur að hún sé ólaunuð. Sama gildir um viðræðunefndina, fólk fæst ekki til starfans þar sem fyrirséð er að þetta verður mikil vinna og þurfa einhver laun að vera í boði. Samþykkt að skoða fjárhagsstöðu félagsins og hvaða svigrúm hún gefur í þessum efnum, en gert var ráð fyrir auknum útgjöldum vegna kjaramála í fjárhagsáætlun sem samþykkt var á aðalfundi.</p> <p>Mjög erfiðlega gengur að manna viðræðunefndina, fólk ekki tilbúið í þá miklu vinnu en fleiri sem gefa sig fram til að vera í samráðshópi eða baklandi til að fara yfir tillögur og vega og meta framgang viðræðna ásamt trúnaðarráði. Æskilegt að það séu a.m.k. 5 aðilar í viðræðunefndinni, en lögboðið er að formaður og formaður Kjara nefndar sitji í henni. SSS og FR reyna enn af miklum krafti að finna gott fólk og verður að vera kominn nafnalisti í byrjun október til að leggja fyrir trúnaðarráð.</p> <p>Nýstofnað félag ökuleiðsögumanna hefur sent erindi og óskað eftir því að koma að kjaraviðræðum með aðilum úr sínum hópi, en ekki kom fram um hvað aðila var að ræða og hefur verið óskað eftir betri upplýsingum, en svar ekki borist enn.</p>	U	
4.	<b>Raunfærnimat</b>	<p>Fundur verður hjá Iðunni á morgun þann 20.9. en þar er löng og mikil reynsla í gerð og framkvæmd raunfærni- mats. HB og SSS mæta fyrir hönd Leiðsagnar og kemur skólastjóri Leiðsöguskólans líka á fundinn.</p> <p>Raunfærnimatið byggir á námsskrám en þær eru mjög ólíkar milli skólanna. EHÍ hefur t.d. breytt sinni náms- skrá talsvert mikið að undanfögnu og er tungumála- þátturinn núna metinn sérstaklega í stað þess að vera hluti námsskrár, ólíkt og er í Leiðsöguskólanum. Stefnt er að því að funda líka fljótlega með EHÍ.</p> <p>Núna er mikil eftirspurn eftir fólki og mikið spurt um raunfærnimatið. Æskilegt væri að það komist á fljótlega eftir áramótin.</p>	U Á	Harpa Harpa
5.	<b>Afmælishald</b>	<p>Þarf að móta dagskrá afmælishátíðar, FR og HB ganga í það.</p>	U	Friðrik Harpa
6.	<b>Tilnefning fulltrúa á þing ASÍ, 10.-11. og 12. október</b>	<p>Velja þarf 1 aðalmann og 1 varamann, en mega vera fleiri sem mæta. Samþykkt að Friðrik, Snorri, Guðný og Hallfríður mæti, FR þarf að senda nafnalista fyrir fimmtudaginn 22.9.</p>	U Á	Friðrik Friðrik

7.	<b>Önnur mál</b>	<p>* SSS fer af fundi kl. 20:00</p> <p>a) Málefni Endurmenntunarsjóðs, m.a. rætt um styrkveitinguna til Jakobs S. Jónssonar, því ekki bólar enn á skilum vegna faghandbókarinnar, en frestur hafði verið framlengdur til 30. júní.</p> <p>b) Einnig rætt um umsókn Fræðslunefndar og óskað eftir stöðuskýrslu síðasta starfsárs og ítarlegri umsókn fyrir komandi starfsár. Samþykkt að Hallfríður Þórarinsdóttir verði nýr fulltrúi stjórnar í Fræðslunefnd sem er nú fullmönnuð.</p> <p>c) Fagráð; Setja þarf Fagráð inn í málin um raunfærni-matið og ræða einnig um hið faglega mat á menntun leiðsögumanna, hvernig verður t.d. inngönguskilyrðum háttað héðan í frá eftir að Fagdeild hefur verið lögð niður? Stjórn þarf að koma að því samtali og eins þarf að ræða við skólana sem bjóða upp á leiðsögunám.</p>	U	Friðrik
	<b>Fundi slitið 20:20</b>		Á	Harpa

Fundargerð staðfest:

---

Friðrik Rafnsson, formaður

---

Harpa Björnsdóttir, ritari